

Eyrnaskjól

Uppfinning

Ég heiti Chester og ég fann upp eyrnaskjól því mér var alltaf svo kalt á eyrunum þegar ég fór á skauta.

Ég vildi búa til eitthvað sem gæti hlýjað mér á eyrunum.

Ég bjó til vírramma og lét sauma mjúkt efni yfir hann.

Þau héldu hita á eyrunum þegar ég prófaði þau úti og þannig urðu fyrstu eyrnaskjólin til.




Ég ætla að skauta alla daga!

Frístundalæsi

Forritun

Uppfinning



Ég heiti Ada og ég fann upp fyrsta tölvuforritið löngu áður en tölvur urðu til.

Ég var mjög forvitin og elskaði stærðfræði.

Ég sá vél sem gat reiknað og ég fann út hvernig hún gæti fylgt leiðbeiningum og gert verkefni.

Þannig varð fyrsta tölvuforritið til.

Frístundalæsi

Froskalappir

Uppfinning




Vinur! Þú ert
fyrir mér!



Ég heiti Ben og ég fann upp froskalappir því
mér fannst ég synda of hægt.

Ég smíðaði plötur úr tré og festi þær á fætur
og hendur.

Það hjálpaði ekki mikið en það var góð byrjun.
Þannig urðu fyrstu froskalappirnar til.



Hvaða
furðufiskur
er þetta?



Frístundalæsi

Hárvörur fyrir krullað hár

Uppfinning

Ég heiti Sarah og ég fann upp hárvörur fyrir krullað hár því ég átti erfitt með að greiða krullurnar mínar.

Ég sá að margir sem voru með krullur voru líka í vandræðum.

Ég prófaði að þróa mínar eigin hárvörur.

Hárvörurnar reyndust hjálplegar og þannig urðu fyrstu hárvörurnar til fyrir krullað hár.



Ég elska krullurnar mínar!

Frístundalæsi



Íspinni

Uppfinning

Ég er svo
svalur!

Ég heiti Frank og ég fann upp íspinnann alveg
óvart.

Einu sinni blandaði ég mér drykk og gleymdi
honum úti yfir nótt.

Morguninn eftir var drykkurinn orðinn að klaka
og spýtan sem ég hafði notað til að hræra sat föst
í drykknum.


Ég smakkaði klakann og þannig varð fyrsti
íspinninn til.

Frístundalæsi

Fiskabúr

Uppfinning

Maður fær
ekki næði
hérna!



Ég heiti Jeanne og ég fann upp
fiskabúrið því ég vildi læra meira um
kolkrabba.

Ég vildi búa til stað þar sem ég gæti
fylgst vel með kolkröbbum.

Ég smíðaði ílát úr gleri og setti þá þar
ofan í.

Ég gat fylgst vel með og þannig varð
fyrsta fiskabúrið til.



Frístundalæsi

Jólasería


Uppfinning

Ég heiti Albert og ég fann upp jólaseríuna því mér fannst kerti á jólatrjám vera of hættuleg.

Ég vildi finna öruggari lausn sem lýsti jólatré jafn fallega upp.

Ég tengdi saman litlar ljósaperur sem hægt var að setja í samband við rafmagn.

Ég prófaði að hengja ljósaperurnar á tré og þannig varð fyrsta jólaserían til.



Mikið er ég
fallega
skreytt tré!



Frístundalæsi

Rúðupurrka

Uppfinning



Ég heiti Mary og ég fann upp rúðupurrkuna eftir að hafa setið í sporvagni í rigningu.

Bílstjórinn sá ekki út og þurfti að opna glugga til að geta keyrt.

Ég útbjó gúmmístangir sem hreinsa vatn af rúðum.

Þær virkuðu vel og þannig urðu fyrstu rúðupurrkurnar til.

Frístundalæsi

Súkkulaðibitakaka

Uppfinning



Ég heiti Ruth og ég fann upp súkkulaðibitakökuna þegar ég var að baka og átti ekki til rétta tegund af súkkulaði.

Ég vildi ekki hætta við að baka svo ég varð að finna lausn.

Ég muldi niður súkkulaðiplötu og setti í deigið.

Kökurnar heppnuðust vel og þannig varð fyrsta súkkulaðibitakakan til.

AAAAHHH,
hún er að
borða mig!

Ó nei, ég er
næst!

Frístundalæsi

Minna tuð
meira
stuð!



Trampólín


Uppfinning

Ég heiti George og ég fann upp trampólínið eftir að hafa horft á loftfimleikamenn stökkva niður í net.

Ég velti fyrir mér hvort hægt væri að stökkva aftur upp í loftið.

Ég smíðaði ramma og strekti efni yfir hann og prófaði að hoppa.

Það virkaði vel og þannig varð fyrsta trampólínið til.



Frístundalæsi